

## Fjárfestingarstefna.

Orkuveita Húsavíkur skal leitast við að auka hagkvæmni með innri sem ytri vexti þar sem það á við. Kaup á starfsemi sem fellur undir kjarnastarfsemi félagsins skal rúmast innan ávöxtunarkrafna sem gerðar eru til þeirrar starfsemi í rekstrarstefnu.

Tryggt skal að þátttaka í annarri starfsemi en kjarnastarfsemi feli ekki í sér verulega áhættu fyrir fjárhag félagsins. Hún skal takmörkuð við þátttöku í dóttur- eða hlutdeildarfyrirtæki með takmarkaðri ábyrgð og sé áhættan meiri en 5% af eigin fé, þá skal afla samþykkis sveitarstjórnar fyrir þátttökunni.

Fjárfestingarstefna Orkuveitu Húsavíkur snýr að allri annarri fjárfestingu en sem viðkemur daglegum rekstri og eðlilegu viðhaldi eigna. Helstu áherslur stefnunnar eru sem hér segir:

- Framfylgni er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra Orkuveitu Húsavíkur.
- Tryggja ávöxtun þeirra fjármuna sem fjárfestingarstefna þessi lýtur að.
- Gæta öryggis í vali á fjárfestingarkostum.
- Fjárhagsleg markmið Orkuveitu Húsavíkur í fjárfestingarverkefnum er að arðsemi sé almennt ekki undir 10%.
- Fjárfestingarstefna skal kynnt á hverjum aðalfundi félagsins og endurskoðuð ef ástæða þykir til.

### Sértæk skilyrði fyrir fjárhagslegri þátttöku í verkefnum.

Orkuveita Húsavíkur leitast við að fjárfesta í verkefnum sem tilheyra kjarnastarfsemi félagsins. Fjárfestingar skulu að jafnaði uppfylla öll neðangreind skilyrði:

- Verkefnið feli í sér ávöxtunarmöguleika og arðsemi fjármagns með hliðsjón af þeirri áhættu sem í því felst.
- Verkefnið hafi hagrænt gildi, sé atvinnuskapandi eða leiði til margfeldisáhrifa á atvinnulíf starfssvæðis félagsins.

Lúti fjárfestingarverkefni að samfélagslegum verkefnum skal stjórn hverju sinni skilgreina samfélagslegan ávinning sem stefnt er að, hvort leitað verði eftir framlagi frá eiganda félagsins svo arðsemiskröfu verði náð og hvernig árangur verði mældur til að tryggja eftirfylgni, áður en ákvörðun er tekin um þátttökuna.

### Vinnureglur stjórnar við mat á verkefnum / fjárfestingum.

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur og framkvæmdastjóri leita í öllum tilfellum umsagnar fagaðila um þau verkefni sem stjórnin og/eða framkvæmdastjórinn meta hæf til frekari skoðunar. Fagaðili getur verið einstaklingur, hópur einstaklinga eða ráðgjafafyrirtæki samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Umfjöllun tveggja stjórnarfunda um verkefni þarf til áður en ákvörðun er tekin um aðkomu félagsins. Sé um verulega fjárfestingu að ræða sem hefur áhrif á skuldastöðu félagsins skal stjórn leita umsagnar hjá eiganda.

### Mælikvarðar:

- Arðsemi fjárfestinga

***- Samfélagslegur ávinningur***

*Mat á samfélagslegum ávinningi mun alltaf byggja á huglægu mati þeirra sem taka ákvörðunina hverju sinni.*